

„Bændur hafa fullan hug á að verja landið fyrir ofbeit, bæði heimalönd og afréttir. Það er gert með því að hætta vetrarbeit sauðfjár að mestu, fóðra það til hámarks afurða yfir veturinn, hafa lambær á ræktuðu landi á vorin, þar til kominn er sauðgróður í afréttinum og hafa það þar 8 til 10 vikur".

Ég fullyrði það, sem landbúnaðarmaður í 60 ár, að bændur hafa fullan hug á að verja landið fyrir ofbeit, bæði heimalönd og afréttir. Það er gert með því að hætta vetrarbeit sauðfjár að mestu, fóðra það til hámarks afurða yfir veturinn, hafa lambær á ræktuðu landi á vorin, þar til kominn er sauðgróður í afréttinum, og hafa það þar 8 til 10 vikur. Síðan er það aftur tekið á ræktað land fram yfir sláturtíð... Nú er víða farið að bera tilbúinn áburð á afréttarlöndin. Ég hef óttast, að hann kynni að eyðileggja háfjallakjarngróðurinn, og þá jafnvel spilla bragðgæðum lambakjötsins, meira eða minna. En það kemur í ljós á næstu árum... Landbúnaðurinn hefur átt í erfiðleikum undanfarið, og bændum sagt að draga úr framleiðslu hinna hefðbundnu búgreina, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu, en auka fiskrækt, skógrækt og loðdýrarækt. Ég hef haldið, að hefðbundnu búgreinarnar mundu henta okkur best og nóg er þörfin fyrir matvælin í hungruðum heimi... Ég held að við Íslendingar gætum framleitt matvæli á hagnaðarverði, ef við værum lausir við verðbólguna. Það skiptir því mestu máli að yfirbuga hana. ... Svo virðist, sem stjórnvöldum hafi nú líka loks tekist að stöðva hana. Og því verða allir sem einn að styðja þau og alla aðra sem að því vinna af alúð.

Mikið væri hægt að bæta og rækta veiði í ám og vötnum á Íslandi. Þau hlunnindi eru víða vannýtt og fiskimergð orðin það mikil, að fiskurinn er úrkynjaður og horaður vegna fæðuskorts. Sumstaðar hefur verið unnið að úrbótum á þessu sviði með mjög góðum árangri.

Loðdýrarækt er háð kaupgetu og tisku fólksins, en íslensk refa- og minkaskinn hafa þótt góð hin síðustu ár. Mér er illa við innflutning á öllum dýrum — og við erum vissulega reynslunni ríkari, þar sem er karakúlfé og minkurinn... Karakúlfé flutti mæðiveikina inní landið, en hún lagði sauðfjárbúskap í rúst, í meiri hluta landsins, — var þó að lokum yfirunnin með niðurskurði fjárins og fjárskiptum fyrir ötular aðgerðir bænda og ráðamanna þeirra og stjórnvalda.

Minkurinn er aftur orðin sú þjóðarplága, sem engin von er til að verði útrýmt, hverju sem til er kostað. Hann er svo grimmt dýr, að hann drepur allt sem hann ræður við, miklu meira en hann étur, fugla, fiska og vorlömb... Komist minkurinn í varplönd, flýr fuglinn og hann étur egg og unga. Sama er að segja um farfuglana okkar þeim hefur stórfækkað síðustu árin og er mink kennt um... Allar fuglategundir virðast vera hér á undanhaldi til fækkunar, nema hrafnar og mávar. Þeim þarf að fækka, því að þeir eru skaðvaldar eggja, unga og vorlamba. Heiðargæsin heldur sér, — en „blessuð rjúpan hvíta" hefur lengi verið í lágmarki.

Fyrir og eftir 1920 var svo mikið af rjúpu í Þingeyjarsýslu, að þær verptu í túnunum, og ungamæðurnar komu heim að bæ, og voru með hænsnunum. Þá var rjúpan nytjafugl og gaf gjaldeyristekjur þeim, sem veiðilönd áttu. Algengt var, að bændur skutu 5 til 600 rjúpur á vetri, og þá voru þær útflutningsvara. Nú er rjúpan í því lágmarki, að tæpast mun nokkur sveitamaður ganga lengur til rjúpna. Það eru aðeins nokkrir skotglaðir veiðimenn kaupstaðanna, sem nú skjóta rjúpuna, oft í óþökk og óleyfi landeigenda. En bændum er ráðlagt að rækta refi, mink og kanínur. Kanínur eru jurtaætur, og hef ég lesið um, að sumstaðar eru þær óviðráðanleg plága, sem étur börk af trjám og eyðir gróðurlendi. En rjúpuna verður að alfriða, þar til hún er komin í hæfilega stofnstærð, eins og hreindýrin, og síðan að leyfa ekki meiri veiði en svo, að stofninn haldi sér. Þá getur hún orðið dýrmætur fugl sem gefur þjóðarbúinu gjaldeyri á ný. Aumt er hve lífsgæðakapphlaup okkar Íslendinga er mikið, þó flestir hafi nóg og margir meira en hollt er, — enda bera fæstir því við, að þeir hafi ekki nóg til hnífs og skeiðar, heldur hafi aðrir meira. Og við sjáum það árlega og daglega, að fólk getur veitt sér allan þann munað, sem það girnist, meðal annars farið í langar utanlandsferðir — jafnvel heilar fjölskyldur. Ég hef aldrei farið til svonefndra sólarlanda, en ég þekki nokkuð til Íslands og óbyggða þess. Og ég segi með skáldunum: „Seg mér hvað indælla auga þitt leit íslenska kvöldið í fallegri sveit", — og „Þú, bláfjallageimur með heiðjöklahring um hásumar flý ég þér að hjarta."

Íslendingar! Skoðið fyrst landið okkar, og segið börnum ykkar frá fegurð þess og gæðum. Lofið þeim síðar að kynnast landinu og fuglum þess og dýrum, — og ég held, að flestir landeigendur lofi ykkur fúslega að tjalda í skjólgóðum grashvammi, ef þið óskið, og gangið vel um landið.

Og þið, bílstjórar. Farið varlega. Og ef það kemur fyrir, að þið akið á fénað eða fuglsunga, þá aflífið dýrin, eða látið vita um þau, svo að þau kveljist ekki lengi.

Septem '81

Að þessu sinni ætlum við að fjalla ofurlítitið um vestursalinn, en þar sýnir Septem-hópurinn, en þetta er í áttunda sinn, sem hann sýnir saman í seinni lotunni, en þessir menn áttu fyrst samflot fyrir nokkrum áratugum, er verið var að kynna abstraktlist í fyrsta skipti á Íslandi. Þá urðu margir menn reiðir á Íslandi ef þeir sáu abstraktmyndir. Þeir eldri muna eftir September-sýningunni frægu í Listamannaskálanum, og þótt fleiri sýndu á þeirri sýningu, og sýndu abstrakt á þeirri tíð, þá hefur þessi hópur haldið saman og sýnt, að mig minnir, árlega og nú í áttunda sinn.

Í Septem-hópnum eru margir okkar þekktustu listamenn af kynslóð abstraktmanna, er kom fram eftir stríðið. Þetta eru listamenn, er hafa haft myndlistina að ævistarfi, og hafa fyrir lifandis löngu tekið út þroska og markað sér sterka stefnu. Það er því nokkuð erfitt fyrir þá, sem rita um myndlist í blöð, að rita um þá af mikilli undrun ár eftir ár. En þó verður að segjast eins og er, að þessi sýning er mjög áhrifamikil og ljómar af gleði og fegurð.

Það sem einkum og sér í lagi vakti athygli mína, var það, að Kristján Davíðsson, sem oft er nú stór í sniðum, á nú aðeins þrjár smámyndir á Septem-sýningunni, gjörðar með indversku bleki.

Ástæðan mun þó ekki sú, að blekið sé þrotið, heldur mun hann í svipinn vera öðru að sinna.

Það sem mesta athygli vakti voru trémyndir Sigurjóns Ólafssonar, sem á þarna hvorki meira né minna en 19 skúlptúra, og sem meira er, allar þessar myndir eru gerðar á árunum 1980 og 1981, og verður það að teljast mikil trésmíði, að ekki sé nú minnst á þann listræna innblástur sem þar er að finna.

Með einhverjum hætti eru myndir Sigurjóns nú auðskiljanlegri, (myndir úr tré), heldur en var, meðan hann beitti blandaðri tækni í gerð tréskurðarmynda. Á það bæði við um sérsmíðaðar myndir, þar sem vandaður viður er notaður til þess að gjöra mynd, og eins þær myndir þar sem trjábolir fá að vera trjábolir áfram, þótt þeir hafi með smávægilegum skurði verið gjörðir að listaverkum.


Vera kann, að einhverjum þyki nú ekki mikið, að gjörð sé tæplega ein mynd á mánuði, en við skoðun verður annað uppi á teningnum. Í sumum myndanna er augsýnilega lögð mjög mikil vinna í handverkið, og maður undrast þessa elju, því auðvitað gjörir Sigurjón fleiri myndir, því hann er nú eftirsóttur myndhöggvari.

Þá greinum við einnig talsverða breytingu hjá Valtý Péturssyni. Hann styrkir nú form sín mjög, eða stílfærsluna og má einkum sjá það í myndum á suðurvegg salarins. Hjá öðrum eru breytingarnar minni, eða a.m.k. ekki jafn auðgreindar, en sem heild er þetta líklega áhrifamesta sýning þeirra Septemmanna til þessa.

Vera kann, að það eigi einhvern þátt í þessu, að núna er rýmra um þá, en þeir bjuggu þröngt í Norræna húsinu um skeið, þar sem myndirnar rifust af veggjunum út af þrengslum.

Sýningunni lýkur 20. september.


Jónas Guðmundsson





Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist.

fjölmiðlun



■ Á næsta ártug verða margfalt meiri breytingar á sviði upplýsingamiðlunar en orðið hafa á öllum síðasta mannsaldri, hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Aukið val og mun sérhæfðari miðlun upplýsinga

■ Íslendingar, sem komnir eru á efri ár muna þá tíð er bækur og tiltölulega einhæf vikublöð með menningarefni og niðursoðnum fréttum voru einu fjölmiðlarnir, sem þeir höfðu aðgang að.

Þeir, sem komnir eru yfir miðjan aldur komust á legg samtímis fyrstu dagblöðunum, sem hér hófu göngu sína á öðrum tug aldarinnar.

Rúmlega fimmtugir Íslendingar fengu útvarpið í vöggugjöf. Þar bættist í hópinn hraðvirkur alhliða fjölmiðill, sem hefur aukið útsendingartíma sinn jafnt og þétt síðustu áratugina.

Fyrstu árgangar Íslendinga sem upplifðu það, að innlent sjónvarp væri komið í hóp fjölmiðla hér á landi eru nú milli tektar og tvítugs.

Nú er svo að vaxa úr grasi kynslóð, sem lítur á notkun myndsegulbanda sem sjálfsagðan hlut og hefur með þeirri tækni aðgang að mun meira sjónvarpsefni en sjónvarpsstöð ríkisins sendir út.

Samtímis þessum meginátökum íslenskrar fjölmiðlunar hafa blöðin stækkað og efnisfjölbreytni þeirra aukist, tímaritunum hefur fjölgað geysilega og úrval innlendra og erlendra bóka margfaldast frá því sem var fyrir fáeinum áratugum.

Þegar menn staldara við og huga að þessari þróun gefur auga leið að enginn kemst yfir að gleypa í sig allt, sem miðlað er til fjöldans. Sjálfsögð og eðlileg viðbrögð eru þau, að fólk velji og hafni meira en það hefur gert fram að þessu.

Börnin okkar munu velja af meiri kostgæfni úr upplýsingaflóðinu en við höfum gert og til þess að koma til móts við óskir þeirra mun sérhæfing upplýsingamiðlunarinnar aukast mjög á komandi árum.

Með aukinni tæknivæðingu og örum breytingum í þjóðfélaginu þurfum við að hluta til á annars konar upplýsingum að halda en við nýtum mest í dag og þessi aukna tækni mun um leið verða til þess að við getum fengið þær með öðru móti en algengast hefur verið hingað til., Þar mun margs konar fjarskiptatækni og örtölvunotkun valda gerbyltingu.

Um leið og við stefnum inn í þessa nánustu framtíð munu mörk fjölmiðlunar og fræðslumála verða óljósari og jafnframt verður þá erfitt að henda reiður á algengustu hugtökum sem við notum á sviði fjölmiðlunar um þessar mundir. Hvað telst dagblað, tímarit, bók eða sjónvarp, þegar megnið af fjölmiðluninni birtist notandanum á skjá á heimili hans eða vinnustað? Einu gildir, hvort sem um er að ræða fréttir, fræðslu, staðreyndir af ýmsu tagi, skáldverk eða afþreyingarefni.

Um þessi atriði mun ég fjalla nánar í þessum dálkum öðru hverju á næstunni, og fer því ekki út í þá sálma frekar að sinni. Megin atriðið var í dag að sýna fram á þær breytingar sem orðið hafa í fjölmiðlun það sem af er þessari öld. Þær hafa komið stig af stigi og er ólíku saman að jafna um það, hvað yngstu Íslendingunum stendur til boða í þessum efnum og við hvað hinir elstu ólust upp.

En breytingarnar, sem verða á næsta áratug verða margfalt meiri en orðið hafa á síðasta mannsaldri öllum, — hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Þar er ekki um neina framtíðarmúsík að ræða, heldur hefur þegar verið lagður tæknilegur grundvöllur að þessari þróun.

Færustu sérfræðingar víða um heim hafa gert grein fyrir því, sem koma skal, og er ekki ástæða til að draga spár þeirra í efa, þótt mannkindinni hafi löngum reynst erfitt að spá — sérstaklega um framtíðina.

— ÓR.



Ólafur Ragnarsson skrifar